

148. fundur skráningarráðs, 3. apríl 09:00-11:00 á Teams

Mætt voru: Sigríður Vilhjálmisdóttir, Sigurgeir Finnsson, Þorsteinn Doddi Jónsson

Einnig sátu fundinn Kristín Lilja Thorlacius Björnsdóttir gæðastjóri Gegnis, Sigrún Hauksdóttir þróunarstjóri Gegnis, Ásdís Huld Helgadóttir þjónustustjóri Gegnis

Ritari: Sigurgeir Finnsson

1. Fundargerð síðasta fundar (yfirfarin og atriði rædd)

Fundargerð síðasta fundar lesin og atriði rædd.

Fundargerð samþykkt.

2. „Order it!“

Ásdís Huld kom inná fundinn og sagði frá *Order it!*. *Add on* í Ölmú sem tengt er við Amazon þar sem hægt er að flytja inn færslu og búa til POL línu beint úr Amazon inní Ölmú. Virkar ekki nema að vera með sjóð til að panta í gegnum. Ef færsla er fyrir hendi á pöntunin að sameinast rétttri færslu. Ef færsla er ekki fyrir hendi, verður til mjög snautleg færsla með nánast engum lýsigögnum (bara LDR, 001, 008, 020, 245). Hættan við notkun á þessu *add on* er að kerfið fyllist af ókláruðum færslum og/eða tvöföldum færslum. Búa þarf til normalization reglu (Kristín Lilja) sem merkir færslurnar svo augljóst sé að þær eigi að laga/fullskrá og einnig svo auðvelt sé að finna þær séu þær ekki fullskráðar.

Uppsetning í höndum Landkerfis – reglur um lágmarksskráningu á þessum færslum á herðum Skráningarráðs.

Í kjölfarið stofna hóp til að prófa þetta.

Ásdís Huld vék af fundi.

3. Endurskoðun skráningarheimilda

Sigrún fór yfir nýjar reglur um skráningarheimildir.

Nýju reglurnar samþykktar

Rætt um að nota peninga sem eru í vörslu Upplýsingar fyrir komandi RDA uppfærslu

4. Heimildir til að eyða bókfræðifærslum

Rætt um verklag og heimildir við eyðingu bókfræðifærslna. Þegar bókfræðifærslum með engan forða er eytt í safnakjarna eyðast þær ekki í landskjarna þó svo að hakað sé við að henni skuli vera eytt í landskjarna. Tvöfalt verklag í HA því ekki allir starfsmenn hafa heimildir til að eyða færslum í landskjarna. Hugsanlega er hægt að safna þessum færslum saman og senda til Landskerfis til eyðingar. Breyta þarf athugasemdinni um að bókfræðifærsla eyðist ef ekki er forði, því hún eyðist ekki í landskjarna þegar verið er að eyða eintaki, villandi orðalag.

5. Fræðslufundur skrásetjara í maí, miðvikudagurinn 28. maí (9-12)

Fræðslufundur skrásetjara verður haldinn miðvikudaginn 28. maí 9-12.

Verðum í sambandi í tölvupósti með dagskrána, sendum póst fljótlega (fyrir páska) til að auglýsa fundin og dagskrá verður svo send í upphafi maí.

Drög að dagskrá:

- Fundur Settur
- Sjálvirkni í skráningu á Landsbókasafni
- Efnisorð – kynning á nýuppfærðum reglum
- Skráning á ólíkum leturtegundum
- Safnfærslur – kynning á verklagi
- Skyldur skrásetjara
- Önnur mál

6. Önnur mál

Engin önnur mál að sinni, fundi slitið kl. 11:05